


VELKOMIN Í LIÐIÐ





STEFNA LANDSPÍTALA





STARFSÁÆTLUN 2018

LYKILÁHERSLUR

ÖRYGGISMENNING

- Öryggis- og umbótaþjálfun starfsfólks
- Stöðluð upplýsingagjöf og örugg yfirfærsla ábyrgðar
- Fyrirbyggja helstu flokka atvika; sýkingar, byltur, lyfjaatvik og þrýstingssár



ÞJÓNUSTA

- Bæta aðgengi að þjónustu og stytta biðtíma
- Efla dag- og göngudeildir
- Auka þátttöku sjúklinga í eigin meðferð
- Skriflegar útskriftarleiðbeiningar til sjúklings



MANNAUÐUR

- Bæta mönnun og vinnuskipulag
- Bæta aðbúnað og þjónustu við starfsfólk
- Efla teymisvinnu og innleiða samskiptasáttmála



STÖÐUGAR UMBÆTUR

- Þróa og innleiða meðferðarferla
- Innleiða reglulega umbótafundi
- Efla vísindi og auka samstarf við háskóla



ÁRANGURSVÍSAR

Staðan
2017

Markmið
2018

ÖRYGGISMENNING

• Hlutfall klínísks starfsfólks sem lokið hefur öryggisþjálfun (Basic Patient Safety)	20%	60%
• Hlutfall eininga með virka notkun SBAR	39%	70%
• Fjöldi alvarlegra atvika	14	0
• Spítalasýkingar	5,8%	5,8%

ÞJÓNUSTA

• Hlutfall sjúklinga sem beðið hafa meira en 3 mánuði eftir meðferð	43%	40%
• Meðallegutími, dagar	7,7	7,0
• Ánægja sjúklinga með þjónustu spítalans (á skala 1-10)	8,3	8,5
• Hlutfall sjúklinga sem fá skriflegar útskriftarleiðbeiningar	62%	80%

MANNAUÐUR

• Starfsánægja (á skala 1-5)	4,1	4,2
• Veikindahlutfall	6,7%	6%
• Starfsmannavelta	15%	12%
• Hlutfall starfsmanna í 80% starfi eða meira	70%	72%

STÖÐUGAR UMBÆTUR

• Fjöldi innleiddra heildstæðra meðferðarferla	0	10
• Hlutfall stjórnenda með reglulega umbótafundi	44%	60%
• Fjöldi birtra greina í ritrýndum tímaritum	200	205



VELKOMIN TIL STARFA Á LANDSPÍTALA

Innilega velkomin til starfa með okkur á Landspítala. Við erum afskaplega stolt af því að starfa á þjóðarsjúkrahúsinu og það gleður mig að þú kjósir að slást í hópinn með okkur. Ég vona að þú njótir þín í starfinu og þú vaxir og dafnir í þínum verkum. Ég hlakka til samstarfs við þig en leyfi

mér líka að minna þig á að nota frítímann þinn vel með fjölskyldu og vinum. Við sjáumst!

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala



KÆRI SAMSTARFSMAÐUR!

Heilbrigður maður á margar óskir ... en sá sem er veikur á aðeins eina ósk; að ná heilsu.

Það eru forréttindi í mínum huga að fá að starfa við þjónustu við heilsu - þjónustu við lífið sjálft. Við erum öll jafn mikilvægir hlekkir í þeirri keðju sem Landspítali - þjóðarsjúkrahús okkar Íslendinga - er, hvort sem við

störfum beint í framlinunni við klíník eða í stoðþjónustu eins og ég.

Ég vona innilega að þú munir upplifa það á hverjum degi í starfi hversu mikilvægur hlekkur í keðjunni þú ert og býð þig velkomna/ velkominn í líðið.

Gangi þér vel

Ásta Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs

“*Hringt er í númerið 9700 í upphafi og lok vinnudags.*”



NÝLIÐAÞJÁLFUN

Allir sem hefja störf á Landspítala fara í gegnum nýliðaþjálfun til að undirbúa nýjan starfsmann sem best undir starfið. Þessi nýliða-móttaka er í 3 þáttum:

- » Staðbundin kynning
- » Heilbrigðisviðtal
- » Vefnám - Skráning í Námskrá

ÞAGNARSKYLDA

- » Á Landspítala gildir þagnarskylda fyrir alla starfsmenn.
- » Sú regla gildir við meðferð heilsufarsupplýsinga á Landspítala að starfsmaður skal einungis leita eftir þeim upplýsingum um sjúklinga á Landspítala sem hann þarf á að halda í starfi sínu í þágu sjúklingsins eða í öðrum lögmætum tilgangi og þar sem fyrir liggur að slíkt sé heimilt samkvæmt lögum.
- » Ef starfsmenn opna sjúkraskrár án þess að eiga þangað sýnilegt erindi, getur slíkt leitt til áminningar eða brottrekstrar.

AUÐKENNISKORT 9

Allir starfsmenn á landspítala eiga að bera auðkenniskort. Mikilvægt er að allir starfsmenn fari í myndatöku áður en þeir hefja störf.

- » Myndataka fyrir auðkenniskort er alla virka daga frá 10-12 og 13-15 bak við móttökuna í Kringlunni, aðalinngangi Landspítala við Hringbraut.
- » Ekki þarf að panta tíma í myndatöku - bara að mæta.
- » Upplýsingar varðandi auðkenniskortin er hægt að fá í gegnum tölvupóstfangið: audkort@landspitali.is eða í síma 543 1880.





LEYNIHÓLFID

- » Í upphafi fá starfsmenn úthlutað aðgangi að ákveðnum tölvukerfum í samræmi við hlutverk þeirra á Landspítala. Lykilorð starfsmanna eru send í Leynihólf þeirra (leyniholf.lsh.is). Nánari upplýsingar um leynihólf er að finna á innra netinu.

VINNUSTUND

Vinnustund er kerfi sem heldur utan um viðveru starfsmanna Landspítala. Starfsmenn eru ábyrgir fyrir því að yfirfara og leiðrétta stimplanir jafnóðum. Yfirfara þarf mætingu í Vinnustund 1. og 15. hvers mánaðar, þar sem laun eru greidd samkvæmt innstimplun og útstimplun. Hringt er í númerið 9700 í upphafi og lok vinnudags. Síma er að finna við flesta innganga spítalans.

Nánari leiðbeiningar er að finna á innri vef undir: starfsmaðurinn>nýr starfsmaður>vinnustund.



Heilsufarsskoðun í boði annað hvert ár fyrir starfsmenn.



NÝRÁÐNINGARVIÐTAL

Allir nýráðnir starfsmenn eiga að fara í nýráðningarviðtal hjá starfsmannahjúkrunarfræðingi.

Viðtalstímar:

- » Á göngudeild skurðlækninga B3, 3. hæð, á Landspítala Fossvogi. Tímapantanir í síma 543 7390 eða 543 1249. 8
- » Á Eiríksgötu 5, 1. hæð, á Landspítala Hringbraut. 12 Tímapantanir í síma 543 1330

HEILSUFARSSKOÐUN STARFSMANNA

Öllum fastráðnum starfsmönnum stendur til boða heilsufarsskoðun og ráðgjöf á tveggja ára fresti.

Í viðtali er farið yfir:

- » almennt heilsufar, heilsufarsmælingar (hæð, þyngd, BMI, blóðþrýstingur, blóðsykur og kólesteról)
- » bólusetningar og metin þörf fyrir berklapróf





*Landspítali er
lifandi vinnustaður!*

SLYSA OG ATVIKASKRÁNING

» Á Landspítala er rafrænt skráningakerfi sem heldur utan um öll atvik, óhöpp, slys og eignatjón er varðar starfsmenn, gesti og aðra. Slik skráning er mikilvæg við úrvinnslu mála m.a. vegna réttarstöðu þeirra sem verða fyrir tjóni og til að geta markvisst unnið að úrbótum og forvörnum til framtíðar. Einnig er skráningakerfi er varðar atvik sjúklinga.

BÚNINGSSHERBERGI OG FATNAÐUR

- » Næsti stjórnandi úthlutar fataskápum til sinna starfsmanna
- » Starfsmenn sem starfa í beinum tengslum við sjúklinga skulu fylgja leiðbeiningum um sýkingavarnir varðandi klæðnað og skartgrip.
- » Mikilvægt er að umgengni um línið sé góð. Vinsamlega ekki skilja lín eftir í skápum og mikilvægt er að henda óhreinu líni í óhreinatauskörfurnar.

MATSALIR

- » Mötuneyti eru á eftirfarandi stöðum: Hringbraut, Fossvogi, Landakoti, Tunguhálsi, Snorrabraut, BUGL, Kleppi, Grensás og Kópavogi.
- » Boðið er upp á morgunverð, hádegis- og kvöldverð. Hægt er að borða í borðsal á staðnum, kaupa einnota eða fjölnota bakka og taka með sér matinn.
- » Máltíðir, salatbar og súpa er niðurgreitt og upplýsingar um verð og matseðil vikunnar er að finna á innri vef Landspítala.



STARFSMANNASAMTAL

Samkvæmt mannauðsstefnu Landspítala skulu allir starfsmenn fara einu sinni á ári í starfsmannasamtal. Því er ætlað meðal annars að hvetja starfsfólk til þátttöku við að móta eigið starf og til starfsþróunar. Framkvæmd samtalsins er á ábyrgð stjórnenda en virk þátttaka starfsmanna er ekki síður mikilvæg. Til þess að starfsmannasamtalið nái tilgangi sínum er nauðsynlegt að undirbúa það vel. Nánari upplýsingar eru að finna á innrífef spítalans.

NÝLIÐAKYNNING

Allir nýráðnir starfsmenn Landspítala eiga að sækja nýliðakynningu sem er á vegum mannauðssviðs Landspítala. Upplýsingar um það hvenær næstu kynningar eru má finna á innri vef undir starfsmaðurinn>nýrstarfsmaður>nýliðakynningar>dagskrá nýliðakynninga.

Ef þú hefur einhverjar tillögur að umbótum varðandi móttöku nýliða þá endilega sendu á okkur línu á netfangið monnunarteymi@landspitali.is

VEIKINDI

Ef starfsmaður er frá vinnu vegna veikinda, slyss eða veikinda barna ber honum að tilkynna það símleidis (ekki með sms) svo fljótt sem auðið er til næsta stjórnanda eða þess sem hann hefur sérsaklega tilnefnt til að taka við slíkum tilkynningum.

MANNAUÐSSVIÐ OG MANNAUÐSRÁÐGJAFAR

Mannauðssvið ber ábyrgð á stefnumörkun, samhæfingu og eftirfylgni mannauðsmála á spítalanum. Á mannauðssviði starfa þrjár deildir:

- » Mönnunar- og starfsumhverfisdeild, en þar er unnið að öflun umsækjenda og ráðningum, og veitt aðstoð til stjórnenda í vinnuskipulagi og mönnun, auk þess sem þar er sinnt heilsuvernd starfsmanna, viðverustjórnun, vinnuverndar- og öryggismálum.
- » Kjaradeild, þar sem unnið er að gerð stofnanasamninga, túlkun kjarasamninga og ráðgjöf til stjórnenda um launasetningu og launaröðun starfsmanna. Einnig sinnir kjaradeild samskiptum við stéttarfélag og ýmsum þróunarverkefnum varðandi kjaramálin.
- » Launadeild, en þar starfa launafulltrúar fyrir hvert svið sem sjá um launaútreikninga og úrvinnslu launa, auk ráðgjafar um Vinnustund og samspil vinnutíma og launa. Launafulltrúar eru til staðar fyrir starfsmenn sem þurfa aðstoð t.d. varðandi veikinda- eða orlofsrétt.

Þá starfrækir mannauðssvið stuðnings- og ráðgjafateymi fyrir starfsmenn og stjórnendur, sinnir gerð starfsmannakannana, skipuleggur stjórnendabjálfun, vinnur að jafnréttismálum og fleira.

Auk mannauðssviðs starfar á hverju sviði mannauðsráðgjafi, sem sinnir mannauðsmálum í nærumhverfinu og veitir aðstoð og ráðgjöf til starfsmanna og stjórnenda.

RÁÐGJÖF

- » Stuðnings- og ráðgjafateymi veitir starfsmönnum aðstoð og ráðgjöf vegna vanda tengdum álagi eða áföllum sem hefur áhrif á líðan eða starfsgetu. Starfsmenn teymisins starfa í fullum trúnaði og formaður teymisins er Hörður Þorgilsson sálfræðingur.
- » Trúnaðarmenn eru á vegum flestra stéttarfélaga, sem eiga félagsmenn á Landspítala. Trúnaðarmenn aðstoða starfsmenn í samskiptum við spítalann í umræðu um kjaramál og önnur réttindi.
- » Öryggistrúnaðarmenn eru á flestum starfseiningum sem huga að öryggi og aðbúnaði starfsmanna.

TÖLVUR OG TÖLVUKERFI

- » Allir starfsmenn fá úthlutað netfang við upphaf starfs. Mikilvægt er að fylgjast með netpóstinum þar sem sá miðill er hugsaður sem upplýsingamiðill milli starfsfólks stofnunarinnar.
- » Ef upp koma vandamál varðandi tölvur og tölvukerfi má hafa samband við heilbrigðis- og upplýsingatæknisvið spítalans (HUT) með því að senda tölvupóst á **1550@landspítali.is** eða hringja í síma **1550**.

Innri vefur:

Innri vef spítalans er auðvelt að finna annaðhvort með því að opna Internet Explorer eða með því að slá inn lsh.is. Aðeins er hægt að opna innri vefinn á spítalanum, ekki að heiman. Mælt er með því að nýir starfsmenn kynni sér vefinn mjög vel en þar má finna mikið efni sem gagnlegt er að þekkja.



Workplace:

Tilgangurinn með workplace á Landspítala er að auka flæði upplýsinga og þekkingar, styrkja samvinnu og skilvirkni, færa starfsfólk nær hvort öðru og efla starfsandann á vinnustaðnum. Workplace byggir á sömu eiginleikum og viðmóti og Facebook.

Nánari upplýsingar má finna á ytri vef Landspítala (www.landspitala.is) undir um Landspítala>Fyrir starfsfólk>Workplace leiðbeiningar.

SAMGÖNGUSAMNINGUR

- » Starfsmenn hafa val um að skrifa undir samgöngusamning við sinn stjórnanda, þar sem þeir skuldbinda sig til að ferðast til og frá vinnu með vist- og heilsuvænum hætti í að jafnaði 60% tilvika.
- » Styrkurinn er skattfrjálss og fjárhæð fer eftir starfshlutfalli:
50 -100%: 5.000 kr. á mánuði
10 - 49,9%: 2.500 kr. á mánuði

SKUTLAN

- » Skutlan gengur á milli Hringbrautar 10 og Fossvogs 3 á 15 mínútna fresti.
- » Ferðir skutlunnar eru frá 8:00 til 16:45 á virkum dögum.



VIÐVERUSTEFNA

Viðverustefna Landspítala er sett með mannauðsstefnu og gildi Landspítala að leiðarljósi. Markmið og tilgangur er að samræma vinnuferla vegna veikindafjarveru starfsmanna, viðhafa skipulögð viðbrögð við fjarveru og auka þannig öryggi sjúklinga og starfsmanna.

UMHVERFISSTEFNA

Áhersla er lögð á þá þætti starfseminnar sem hafa mest áhrif á umhverfið og fela í sér bestu tækifærin til að bæta umhverfi, efnahag og heilsu. Landspítali hefur þróað umhverfisstefnu og markvisst er unnið að því að gera Landspítala umhverfisvænni. Dregið hefur verið úr umbúðanotkun, efnanotkun minnkuð, sorp er flokkað og ýtt undir vistvænar samgöngur starfsmanna.



STRAUMLÍNUSTJÓRNUN - LEAN

Straumlínustjórnun - Lean snýr að því að skoða og setja þarfir sjúklingsins í öndvegi þ.e. eyða sóun, bæta flæði og jafna álag.

Lean snýst einnig um breytta menningu með aukinni þátttöku starfsmanna í umbótastarfi, að stjórnendur séu sýnilegri og veiti endurgjöf, meiri teymisvinnu o.fl.

Markmiðið er að allir starfsmenn tileinki sér umbótarhugsun og hjálpi þannig til við að tryggja virði og gæði þjónustu spítalans.

Boðið er upp námskeið fyrir alla starfsmenn Landspítala, Lean 01 og Lean 02. Skráning fer fram í Námskrá á heimasíðu LSH.

Það er góð tilfinning að fara heim úr vinnunni og finna að maður hefur áorkað einhverju sem skiptir máli.

- Anna Sigrún Ingimarsdóttir, félagsráðgjafi

Störf á Landspítala eru fjölbreytt og krefjandi og veita tækifæri til starfsþróunar.

- Bergþór Haukdal Jónsson viðskiptafræðingur

Það er ómetanlegt að starfa með öllu því frábæra starfsfólki sem hér vinnur. Mannauðurinn er málið!

- Erna Sigmundsdóttir lækni

LÍKAMSRÆKT

Landspítali býður upp á heilsurækt fyrir starfsfólk Landspítala án endurgjalds yfir vetrartímann. Allir eru velkomnir.

Kundalini-jóga - Geðdeildabygging, Teigur 31E

- » Mánudagar, þriðjudagar, miðvikudagar og fimmtudagar kl. 16:15-17:30
- » Jógaæfingar, öndun, hugleiðsla og slökun.
- » Jógakennari leiðbeinir

Leikfimi - Fossvogur - Sjúkraþjálfun B1

- » Á mánudögum og fimmtudögum kl. 16:00-17:00 er hefðbundin leikfimi með kröftugri upphitun, styrktar- og stöðugleikaþjálfun og vöðvateygjur.
- » Á miðvikudögum er rólegri leikfimi, létt upphitun, styrkjandi og liðkandi æfingar, vöðvateygjur og slökun. Sjúkraþjálfari leiðbeinir.

Jóga - Fossvogur

- » Þriðjudaga kl. 16:15 og fimmtudaga kl. 7:45.

Leikfimi - Landakot - Sjúkraþjálfun K3

- » Þriðjudagar og fimmtudagar kl. 16:00-17:00.
- » Hefðbundin leikfimi með upphitun, styrkjandi og liðkandi æfingum og vöðvateygjum. Sjúkraþjálfari leiðbeinir.

STARFSMANNAFÉLAG LANDSPÍTALA

Félagið stendur fyrir hagsmuna- og félagsstarfi. Félagið þjónar öllum félagsmönnum og stendur fyrir ýmsum viðburðum og skemmtunum fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra.

Félagsgjald er kr. 500 á mánuði og njóta félagsmenn sérkjara á leigu orlofsbústaða, ýmissa tilboða, afsláttar og fleira. Skráning í starfsmannafélagið er að finna á innri vef spítalans. Nánari upplýsinga er að finna á innri vefnum eða hjá Grétu H. Sigurðardóttur starfsmanni starfsmannafélagsins á netfanginu greta@landspitali.is eða í síma 543 5969.

GÁTLISTAR


Hægt er að nálgast gátlista sem gagnlegt er að nota við upphaf starfs á innri vef undir starfsmaðurinn>nýr starfsmaður>gátlistar>móttaka nýrra starfsmanna-gátlisti.

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Í þessum bæklingi eru upplýsingar um ýmis hagnýt atriði. Ef einhverjar spurningar vakna er hægt að hafa samband í gegnum netfangið: monnunarteymi@landspitali.is eða í síma 543 1330.



SKIPURIT LANDSPÍTALA



- 1 Aðalinngangur
- 2 Bráðamóttaka
- 3 Skutlan
- 4 Greniborg
- 5 Birkiborg
- 6 Grensás
- 8 Heilbrigðisviðtal

- 9 Aðalinngangur Kringlan
- 10 Skutlan
- 11 Kvennadeildir
- 12 Barnaspítali
- 13 Geðdeildir
- 14 Eldhús
- 15 Augndeild

- 16 Eirberg - bókasafn
- 17 Læknagarður
- 18 Eiríksstaðir
- 19 Rekstrarsvið og Nýr spítali
- 20 Blóðbanki

Skurðlækningasvið: Þórdís Wium
(thordisw@landspitali.is)